


HESTHÚSAHVERFI Í BREIÐHOLTI, AKUREYRI BREYTING Á DEILISKIPULAGI: Hólasandslína 3, jarðstrengur



Gildandi skipulag, samþykkt 30. september 2010.




Breytt skipulag

Mkv.: 1:2.000

Skýringar :

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- Lóðir fyrir hesthús og annað búfjárhald
- Lóðir til sameiginlegra nota
- Iðnaðarlóðir fyrir veitumannvirki og fjarskiptabúnað
- Opin svæði til sérstakra nota, beitahólf m.m.
- Öbyggt svæði
- Byggingarreitur
- ⊙ Rotþró
- Háspennulínur
- ▨ Helgunarsvæði háspennulína. Byggingarbannsvæði
- Rafstrengir í jörð, dreifikerfi 11 kV
- Rafstrengir í jörð (nýtt tákni) flutningskerfi 220 kV
- ▨ Helgunarsvæði rafstrengja (nýtt tákni)
- Vatnslögn, kalt vatn
- Hitaveita
- Lagnir fyrir hauggas/metangas
- Akvegir
- Akvegir/reiðleiðir
- Reiðleiðir
- Gangstígar
- ▨ Bílastæði
- ▨ Opin aðkomuleið
- Núverandi byggingar



Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

GREINARGERÐ

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að deiliskipulagi hesthúsahverfis í Breiðholti verði breytt á eftirfarandi hátt vegna áforma um lagningu Hólasandslínu 3 í jarðstrengjum ofan hverfisins.

Breyting á skipulagsupprætti

Legja jarðstrengs (tveir strengir með 10 m millibili) og 20 m helgunarsvæði er sýnd á skipulagsupprætti. Jarðstrengurinn fer á tveim stöðum inn fyrir mörk deiliskipulagsins; annars vegar á um 12,5 m kafla á suðvesturhorni svæðisins og hins vegar á um 144 m kafla á norðvesturhorni þess. Í samræmi við að núverandi loftlínur og helgunarsvæði þeirra ofan/vestan hesthúsahverfisins eru sýndar á deiliskipulagsupprætti er jarðstrengurinn einnig sýndur utan skipulagsmarka þar sem hann verður í um 8-17 m fjarlægð frá mörkunum.

Breytingar á greinargerð

Engin ákvæði eru um raflínur í deiliskipulaginu. Í kafla 3.4.2 **Lagnir** er gerð grein fyrir núverandi línur. Þar er bætt við einni málsgrein:


Við vesturjaðar deiliskipulagssvæðisins og að mestu innan helgunarsvæðis loftlína er gert ráð fyrir að 220 kV Hólasandslína 3 verði lögð í jarðstrengjum. Strengirnir fara á tveim stöðum inn á deiliskipulagssvæði hesthúsahverfisins en eru fjarri mannvirkjum og hafa engin áhrif á landnýtingu. Framkvæmdir eru ekki heimilar innan öryggissvæðis jarðstrengja.

Áhrifamat

Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Akureyrar þar sem gert er ráð fyrir jarðstreng Hólasandslínu 3.

Áhrif Hólasandslínu 3 á umhverfið hafa verið metin (Hólasandslína 3, 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. Matsskýrsla. Landsnet, Efla, mars 2019). Gert er ráð fyrir að línan verði lögð sem jarðstrengur frá tengivirki á Rangárvöllum til suðurs og austurs sunnan Akureyrarflugvallar og upp fyrir byggð í Kaupvangsveit en þaðan sem loftlína austur. Helstu áhrif jarðstrengs á þessu svæði fela í sér beint rask á gróðri á framkvæmdasvæðinu, sem er að mestu raskað graslendi sem getur jafnað sig fljótlega að framkvæmdatíma loknum.

Þar sem umhverfismati framkvæmdar liggur fyrir er ekki þörf á sérstöku umhverfismati vegna breytingar á skipulagsáætlun þessari. Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrufer, menningarmínjar né hagsmuni annarra og telst því óveruleg.



SAMPYKKT

Deiliskipulagsbreyting þessi telst óveruleg sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur fengið málsmeðferð skv. 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar

bæjarstjórnin á Akureyri

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í B-deild Stjórnartíðinda



04

Bláðstærð A2
Dags. 18.10.2019



KAUFANGI VIMFRARVEG SKÓLAVÖRÐUSTEIG 3
650 AKUREYRI
SMÍ 411 5508
NETFANG: ark@teikna.is VEFANG: www.teikna.is